

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Borgarfjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag fyrir hafnarsvæði Borgarfjarðarhafnar við Hafnarhólma á Borgarfirði eystra.*

Deiliskipulagssvæðið er um 9,9 ha að stærð og er í eigu Borgarfjarðarhrepps. Innan svæðisins er bátahöfn Borgfirðinga, innan við Hafnarhólma. Í hólmanum er æðarvarp og mikið fuglalíf, m.a. lunda- og rituvarp, sem laðar til sín tugi þúsunda ferðamanna á hverju ári. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu til að bæta aðstöðu ferðafólks og sjómanna. Sunnarlega á svæðinu er ein lóð fyrir frístundahús með einu frístundahúsi.

Samþykkt í hreppsnefnd 16. september 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Seyðisfirði, 12. nóvember 2019.*

**Sigurður Jónsson** byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2019